

## AUGLÝSING

### um (aðra) breytingu auglýsingar um afgreiðslutíma lyfjabúða utan Reykjavíkur nr. 50/1983.

Samkvæmt heimild í reglugerð um afgreiðslutíma lyfjabúða, skal afgreiðslutími eftirtalinn lyfjabúða vera sem hér segir:

Dalvíkur Apótek	Kl.
Mánudaga—föstudaga	9—12 og 13:15—18
Apótek Grindavíkur	
Mánudaga—föstudaga	9—12:30 og 14—18
Nesapótek Seltjarnarnesi	
Mánudaga—föstudaga	9—19
Laugardaga	10—12
Aðfangadag og gamlársgdag	9—12

Að öðru leyti skal gætt ákvæðis 8. gr. fyrrnefndrar reglugerðar.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 7. janúar 1985.*

F. h. r.

**Páll Sigurðsson.**

*Ingolf J. Petersen.*

## REGLUGERÐ

### um breyting á reglugerð nr. 254 15. maí 1979, um hámarkstölu leigubifreiða til vöruflutninga á félagssvæði Vörubifreiðastjórafélags Strandasýslu.

1. gr.

2. grein orðist þannig:

Fjöldi leigubifreiða til vöruflutninga á svæðinu takmarkast við hámarkstöluna 15 sbr. þó 8. gr. laga nr. 36 frá 9. maí 1970. Tölu þessa má endurskoða á tveggja ára fresti. Áður en ákvörðun er tekin um nýja hámarkstölu skal leita umsagnar Vörubifreiðastjórafélags Strandasýslu, sýslunefndar Strandasýslu og sýslunefndar Vestur-Húnavatnssýslu.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 36 9. maí 1970, um leigubifreiðar, staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

*Samgönguráðuneytið, 11. janúar 1985.*

**Matthías Bjarnason.**

*Birgir Guðjónsson.*